

Stafræn stefna Reykjavíkurborgar

1. UMFANG OG STARFSEMI

Stafræn stefna Reykjavíkurborgar nær til allrar starfsemi borgarinnar. Með Reykjavíkurborg, Reykjavík eða borginni er átt við sveitarfélagið Reykjavíkurborg sem og öll svið þess og deildir, stofnanir og starfseiningar, fyrirtæki og byggðasamlög í meirihlutaeigu þess, ráð, nefndir og kjörna fulltrúa.

Stafrænni stefnu er ætlað draga fram áherslur borgarinnar í stafrænum málum til næstu fimm ára. Undir það falla þættir á borð við vefi, upplýsingar, gögn, gervigreind, ný upplýsingakerfi, hugbúnað og aðrar kerfislausnir, skýjaþjónustur, notendabúnað, netöryggi og upplýsingatækniinviði eins og netkerfi, gagnaver, afritanir og aðgangsstýringar.

Stefnan byggir á gildandi meginstefnum borgarinnar, það er þjónustu-, mannréttinda-, lýðræðis- og mannauðsstefnum Reykjavíkurborgar. Undir stafræna stefnu borgarinnar falla einnig upplýsinga- og skjalastefnur borgarinnar auk stefnu um hagnýtingu upplýsingatækni sem samhliða gildistöku stafrænu stefnunnar munu falla úr gildi. Stefnuna er hægt að útfæra nánar í undirstefnur, svo sem stefnu um velferðartækni, nýsköpunarstefnu og stefnu um hagnýtingu upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi.

Stafræn stefna Reykjavíkurborgar fullnægir þeim kröfum sem settar eru til verndar réttindum annarra svo sem persónuverndar-, upplýsinga-, stjórnsýslu- og sveitarstjórnarlögum. Þá er hún í samræmi við lög um endurnotkun opinberra upplýsinga. Stafræn stefna Reykjavíkurborgar helst einnig í hendur við gildandi stefnur íslenska ríkisins um stafræna þjónustu hins opinbera (Stafrænt Ísland, 2021), stefnu um notkun skýjalausna (Stafrænt Ísland, 2022), stefnu Íslands um gervigreind (Forsætisráðuneytið, 2021), tæknistefnu Island.is (Stafrænt Ísland, 2021), upplýsingastefnu stjórnvalda (Forsætisráðuneytið, 2022), netöryggisstefnu (HVÍN, 2022), sem og tilmæli ríkisins um öryggisflokkun gagna.

Loks kallast stefnan á við yfirlýsingar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um Digital North (2020–2024) og Digital rights declaration, Data Act, Digital Service Act, Rules of Artificial Intelligence og Cyber Security Strategy Stafrænnar Evrópu (CEMR).

Stefnan var samþykkt í Stafrænu ráði þann X.X.XXX, borgarráði þann X.X.XXX og borgarstjórn þann X.X.XXX

2. BAKGRUNNUR OG HELSTU ÁSKORANIR

Þær stefnur sem liggja til grundvallar stafrænu stefnunnar eru upplýsingastefna (2015), skjalastefna (2015), þjónustustefna (2016) og stefna um hagnýtingu upplýsingatækni (2018). Allar stefnurnar tilheyrðu við gildistöku einstaka deildum og skrifstofum á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara Reykjavíkurborgar (SBB). Sú fyrsta, upplýsingastefnan, tilheyrði deild upplýsinga og miðlunar en hinar skrifstofu þjónustu og reksturs. Þá var gerð tilraun af hálfu skrifstofu þjónustu og reksturs til að leggja fram vefstefnu borgarinnar (2017) en ekki náðist sátt um inntak hennar og ábyrgð. Allar þessar stefnur hafa nú runnið sitt skeið, sú fyrsta árið 2020 og sú síðasta í lok árs 2022. Einungis þjónustustefnan hefur verið endurnýjuð.

Við stofnun þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) þann 1. júní 2019 færðist ábyrgð og framkvæmd skjala- og þjónustustefnu ásamt stefnu um hagnýtingu upplýsingatækni til sviðsins samhliða því að skrifstofa þjónustu og reksturs var lögð niður. Þá varð til ný skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur, skrifstofa gagnþjónustu og skrifstofa þjónustuhönnunar. Sáú þessar nýju einingar um framkvæmd flestra þátta sem tilgreindar voru í upplýsingastefnu borgarinnar sem þó var áfram á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Með Covid-19 á árunum 2020-2022 breyttist á örskömmum tíma sýn fólks og samfélags um heim allan á tilgang, hlutverk og markmið upplýsingatækni og stafrænnar þjónustu. Samhliða þessum breytingum varð mikill veldisvöxtur í allri stafrænni þróun og þar var starfsemi og þjónusta Reykjavíkurborgar ekki undanskilin. Mótvægisáðgerðir sem samþykktar voru í borgarstjórn um mitt sumar 2020 vegna Covid-19 og átak í stafrænni vegferð sem samþykkt var í desember 2020 sem hluti af Græna plani borgarinnar, þýddi hröðun stafrænnar vegferðar svo um munaði með tilheyrandi uppbyggingu upplýsingatækniinnviða. Fjármögnun lykilaðgerða varð hluti af viðbrögðum yfirvalda vegna faraldursins og veitti þá viðspyrnu sem borgin þurfti á að halda í starfsemi sinni og þjónustu við almenning og fyrirtæki á því augnabliki.

Á sama tíma hefur mikil breyting átt sér stað á vettvangi íslenska ríkisins. Síðastliðin þrjú ár hafa komið út tæknistefna Stafræns Íslands (2020), Grænbók – liður í stefnu á málefnasviði hagskýrslugerðar, grunnskráa og upplýsingamála (2020), stefna um stafræna þjónustu hins opinbera (2021), stefna um gervigreind (2021), stefna um notkun skýjalausna (2022), og netöryggisstefna (2022). Þá liggja fyrir drög að upplýsingastefnu ríkisins (2022) og tilmæli um öryggisflokkun gagna (2022). Einnig hafa verið tilkynnt áform í Samráðsgátt stjórnvalda um lagasetningu um högun í upplýsingatækni í rekstri ríkisins. Með högun er vísað til þess formlega ramma sem ætlað er að tryggja að fjárfesting og rekstur í upplýsingatækni styðji við daglegan rekstur ríkisaðila og þjónustu.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur hug á að móta og innleiða stafræna stefnu sem taka á til allra sveitarfélaga. Þá snýr eitt af þrettán meginmarkmiðum Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins að því að auka vægi stafrænnar stjórnsýslu og hagnýtingu stafrænnar tækni í starfsemi sveitarfélaga, á vettvangi samstarfs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Allt eru þetta stefnur, tilmæli og lög sem Reykjavíkurborg þarf að aðlagja sig að og hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á starfsemi borgarinnar. Þessi þróun endurspeglar breytingar í alþjóðaumhverfinu og þær kröfur sem nú eru gerðar til hins opinbera um allan heim. Bæði varðandi upplýsingatækniinnviði og öryggi þeirra en einnig nútímalegt og sveigjanlegt starfsumhverfi og stafræna þjónustu við íbúa og fyrirtæki.

Grundvallarbreytingar í upplýsingatækni-umhverfinu um heim allan, veldisvöxtur í þróun á stafrænni þjónustu vegna Covid-19, áherslur íslenska ríkisins, og sú staðreynd að langt er liðið síðan flestar þær stefnur sem munu falla undir stafrænu stefnuna voru samþykktar og/eða runnu út hefur haft áhrif á mótun hinnar nýju stafrænu stefnu. Því þótti skynsamlegt að fara aðra leið þegar kom að því að meta stöðu borgarinnar, frekar en að meta einungis áhrif fyrri stefna.

Unnið var umfangsmikið stöðumat á stöðu stafrænnar umbreytingar hjá Reykjavíkurborg. Stöðumatið var unnið af Intenta ehf. haustið 2022 og dregur saman helstu ástæður fyrir mótun stafrænnar stefnu fyrir Reykjavíkurborg, ásamt því að taka saman þau atriði sem er mikilvægt hafa í huga svo að slík stefnumótun hafi tilgang og skili tilætluðum ávinningi. Settar voru fram tillögur að mögulegum meginmarkmiðum stefnunnar og tillögur að mögulegri samsetningu afmarkaðra stuðningsstefna sem þurfa að vera til staðar.

Í samantektinni segir að Reykjavíkurborg sé komin áleiðis í stafrænni vegferð. Jákvætt viðhorf stjórnenda, fjárfesting á mörgum sviðum, uppbygging mannauðs og fjölmörg stafræn verkefni eru skýr merki um að stafræn umbreyting sé komin á skrið. Búið er að vinna allmörg verkefni til að byggja upp og samnýta framendalausnir og innviði og töluverð reynsla hefur fengist af fyrstu verkefnum. En það er einnig mikið verk ennþá óunnið og ljóst að umbreyting þjónustu gerist á lengri tíma en með þriggja ára fjárfestingarátaki.

Stafræn umbreyting er varanleg breyting á hvernig þjónustua er veitt, störf eru unnin og borgin virkar í samfélaginu. Hún er unnin í fjölmörgum strefum og verkefnum með aðkomu fjölda

hagaðila og sérfræðinga á öllum fagsviðum. Reykjavíkurborg þarf að leiða eigin breytingar, vera opin og starfa markmvisst með notendum þjónustu, starfsfólki, hinu opinbera og veitendum aðkeyprtar þjónustu á þessu sviði. Stafrænni stefnu þarf áfram að fylgja fjárfesting sem byggir undir skýrar aðgerðir og aðlögun í rekstri allra starfssviða.

3.FRAMTÍÐARSÝN, TILGANGUR OG MEGINMARKMIÐ

Framtíðarsýn stefnunnar

Þjónustuborgin Reykjavík
Meginhlutverk starfsemi Reykjavíkur er að veita íbúum, fyrirtækjum og gestum borgarinnar fjölbreytta þjónustu. Framtíðarsýnin er sú að gera Reykjavík að þjónustuborg á heimsmælikvarða hvort sem þjónustan er stafræn eða ekki, og því er stafræna stefnan byggð á stoðum þjónustustefnu borgarinnar.

Jafnt aðgengi fyrir öll

Í lýðræðissamfélagi er þátttaka almennings lykillinn að farsælli útkomu og jákvæðum áhrifum á nánast umhverfi. Jafnframt eiga öll sem sækja þjónustu til borgarinnar rétt á því að mæta sama viðmóti og fá jafngóða þjónustu hvert sem þau fara. Þessu til stuðnings var litið sérstaklega til bæði lýðræðisstefnu og mannréttindastefnu borgarinnar við gerð stafrænu stefnunnar. Stafrænu stefnunni er ætlað að styðja enn frekar við lýðræðisleg vinnubrögð og auðvelda þátttöku íbúa ásamt því að tryggja að öll njóti jafnra réttinda, bæði í raunheimum og í stafrænu umhverfi.

Fjölbreytt atvinnulíf

Reykjavíkurborg er einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika og starfsemin á að einkennast af fagmennsku og framsækni. Þá á borgin að vera lifandi vinnustaður með sterkt aðdráttarafi fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem brennur fyrir því að vinna í þágu almennings. Stafræn þróun er ein af forsendum þess að starfsemi borgarinnar þroskist í takt við tímann og gefi af sér störf sem eru samkeppnishæf í nútímasamfélagi. Þessu til stuðnings var tekið mið af mannauðsstefnu borgarinnar við gerð stafrænu stefnunnar.

Tilgangur

Að styðja við notendamiðaða nálgun í þjónustu borgarinnar og þannig auðvelda fólki og fyrirtækjum að sækja sér þjónustu.

Að styðja við uppbyggingu á öruggum en sveigjanlegum rekstri gagna- og tækniinnviða samhliða fjölgun stafrænna lausna.

Að styðja við lýðræði og mannréttindi með jöfnu aðgengi og réttlátri málsmeðferð þar sem stafræn réttindi eru innbyggðir og sjálfgefdir eiginleikar í þjónustu borgarinnar.

Að styðja við að borgin sé nútímalegur vinnustaður þar sem líf og starf þeirra sem þiggja og veita þjónustu er gert einfaldara með skilvirkum stafrænum lausnum.

Meginmarkmið

1. Fyrir íbúa og fyrirtæki:
Að fólk og fyrirtæki hafi jafnt aðgengi að allri þjónustu í gegnum eina samræmda, stafræna gátt. Að þjónusta borgarinnar sé byggð á raunverulegum þörfum notenda.
2. Fyrir vinnustaðinn:
Að stofnanir og stjórnsýsla borgarinnar búi yfir nýjustu tæknilausnum. Að vinnuumhverfi fólks sé nútímalegt og hvetji til framþróunar, sveigjanleika og skilvirkara skipulags.

3. Fyrir starfseminna:

Að upplýsingatækni verði hagað á öruggan, skilvirkan og hagkvæman hátt í gegnum trausta og örugga innviði sem mæta bæði kröfum almennings til grunnþjónustu stofnana og stuðla að auknum sveigjanleika opinberrar þjónustu.

4. Fyrir samfélagið:

Að öryggi, áreiðanleiki, persónuvernd, inngilding, réttlát málsmeðferð, gagnsæi og önnur réttindi og vernd séu innbyggð og sjálfgefin í hönnun og útfærslu stafrænnar þjónustu, innleiðingu kerfa og uppbyggingu innviða.

5. UNDIRMARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

Undirmarkmiðum er skipt í átta undirflokkar. Þó svo að hver undirflokkur og- markmið standi sjálfstætt eru þau öll tengd og hafa áhrif á hvert annað í útfærslu og framkvæmd verkefna sem og þeim aðgerðum sem undir málaflokkinn heyrar.

Undirmarkmið:

Skýjaþjónustur

1. Fólk getur nálgast þjónustu í sjálfsafgreiðslu – óháð eigin tæknibúnaði.
2. Búnaður og aðföng fyrir starfsfólk eru samnýtt.
3. Þjónusta er sveigjanleg og hægt að auka við eða draga úr henni í takt við breytingar og kröfur.
4. Öll notkun skýjaþjónusta er mæld og greind til að tryggja gagnsæi og stýringu.
5. Starfsstaðir vinna í samræmdum skrifstofuhugbúnaði.
6. Starfsemin býður upp á tæknilausnir sem hvetja til sveigjanleika og skilvirkara skipulags.

Vefir

1. Opnar veflausnir eru nýttar við smíði vefja.
2. Hönnunarstaðall og reglur um algilda hönnun liggja til grundvallar allri smíði og þróun.
3. Virkt eftirlit haft með vefumferð og gæði efnis þannig að sjálfbær efnisgerð sé tryggð.
4. Allar upplýsingar um borgina og þjónustu hennar eru aðgengilegar í sama stað.
5. Öflug leitarvél skilar réttum og öruggum niðurstöðum.
6. Vélþýðingar eru áreiðanlegar og þýðingarminni öflugt, óháð tungumáli.

Hugbúnaður

1. Aðgangur að safni frumkóða er opin og aðgengilegur til rýni og notkunar almennings.
2. Grunnkerfi borgarinnar byggja á stöðluðum lausnum sem þekking og reynsla er af.
3. Allur hugbúnaður er í stöðugu ferli umbóta og útgáfu og hýsing og rekstur er skilvirkur.
4. Öll vörubrúun og hugbúnaðargerð felur í sér innbyggða og sjálfgefna hlítinu við viðeigandi lög og reglugerðir.
5. Tæknistakkur borgarinnar er staðlaður og gagnsær.
6. Forritaskil (API), millilag og samþætting eru notuð til að tengja ólík kerfi og lausnir.

Upplýsingar

1. Skráning, varðveisla og meðferð skjala og upplýsinga er samræmd og kerfisbundin þannig að uppruni og rekjanleiki þeirra sé tryggður.
2. Aðgengi þjónustupega að upplýsingum sem varða þá sjálfa er tryggt og styður við gagnsæja og réttmæta meðferð máls.
3. Upplýsingar um starfsemi stjórnáslunnar, stefnumörkun og ákvarðanir eru áreiðanlegar, aðgengilegar og birtar að frumkvæði borgarinnar.
4. Afgreiðsla upplýsingabeidna er sjálfvirk og byggir á samþyktri öryggisflokkun.
5. Langtímavarðveisla skjala og upplýsinga er tryggð í samræmi við reglur. Grisjun skjala og upplýsinga er samkvæmt samþykktum áætlunum þar um.

6. Öll meðferð upplýsinga fullnægir þeim lögum og reglum sem settar eru til verndar réttindum annarra og þannig að öryggiskröfur séu uppfylltar.

Gögn

1. Gögn borgarinnar eru opin, ósíuð og aðgengileg í gegnum vefþjónustur, sé því viðkomið.
2. Yfirlit yfir gögn í kerfum borgarinnar eru aðgengileg.
3. Gagnaheilindi, -gæði, og -öryggi við vinnslu og varðveislu gagna er tryggt með rekjanleika, samþættu umhverfi og dulkóðun.
4. Gögnum er stjórnað eins nálægt uppruna sínum og kostur er.
5. Uppbygging, uppsetning, utanumhald og notkun gagna er samræmd þvert á borgina.
6. Gögn eru hagnýtt til ákvarðanatöku í starfseminni.
7. Eignarhald borgarinnar á gögnum sínum í kerfum þriðja aðila er tryggt í samningum.

Gervigreind

1. Notkun gervigreindar er traustverðug, lögmæt og áreiðanleg.
2. Kerfi og líkön sem byggja á gervigreind eru gagnsæ og aðgangur að safni reiknireglna opin sé því viðkomið.
3. Kerfi gervigreindar gerir fólki kleift að taka upplýstar ákvarðanir.
4. Kerfi gervigreindar eru örugg og með skilgreindar varaleiðir til úrlausna komi upp álitamál.
5. Innbyggð bjögun eða mismunum í ákvarðanatöku gervigreindar og reiknireglna eru fyrirbyggð.
6. Viðeigandi eftirlitskerfi og yfirsýn yfir aðgerðir og ákvarðanir gervigreindar eru til staðar.

Netöryggi

1. Öryggisskipulag, áhættugreining og áfallaþol mikilvægra innviða er öflugt og viðbragðsgeta borgarinnar til að sporna við netógnum og lágmarka skaða er tryggð.
2. Öryggiskröfur í allri þróun hugbúnaðar eru í samræmi við alþjóðleg viðmið og staðla.
3. Þjónustupegar búa við hámarksöryggi og -vernd persónugreinanlegra eða viðkvæmra gagna.
4. Gögn borgarinnar, sem ekki eru í skýinu, eru vistuð í hátæknigagnaveri og öryggisafritun þeirra tryggð.
5. Ríkar öryggiskröfur eru gerðar við kaup hugbúnaðar og nýrra upplýsingakerfa.
6. Sérstaklega er gætt að öryggisógnum sem geta falist í útvistun og nýtingu aðkeyprar upplýsingatækniþjónustu.

Tækniinnviðir

1. Tækniinnviðir eru nútímalegir og öflugir og styðja við öryggi og skilvirkni.
2. Kerfi, þjónusta og nýjungar í tækni styðja við skilvirka þjónustuveitingu borgarinnar.
3. Uppbygging og samsetning allrar upplýsingatækni er einföld, markviss og sveigjanleg.
4. Notendabúnaður og tæknileg þjónusta í framlínu byggir undir fjölbreytta starfsemi.
5. Rekstur vefkerfa og stafrænna lausna er hagkvæmur og öruggur.
6. Netumhverfið er skilvirkt og tryggir öruggar háhraðatengingar.

Mælikvarðar:

Hverju undirmarkmiði ættu að fylgja að hámarki þrjár mælikvarðar sem mæla framgang markmiðsins með hlutlægum hætti. Æskilegt er að setja fram núllstöðu og viðmið til dæmis fyrir næstkomandi og síðasta árið sem stefnan nær til. Viðmið er það tölulega gildi á mælikvarðanum sem stefnt er að því að ná fyrir lok þess árs sem um ræðir. Mælikvarði getur einnig verið að aðgerð verði lokið.

5.AÐGERÐIR

Aðgerðaráætlun stafrænnar stefnu Reykjavíkurborgar verður unnin í kjölfar samþykktar stefnunnar. Smíði áætlunarinnar hennar fer fram samhliða fjárhagsáætlunargerð borgarinnar ár hvert sem og fimm ára áætlun og verður uppfærð árlega. Hún verður sett fram í aðskildu skjali

fjárhags- og fjárfestingaáætlunar sem aðgerðir sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Þá verða aðgerðir enn nákvæmari í verkefnum sem samþykkt eru reglubundið af verkefnaráði þjónustu- og nýsköpunarsviðs, og í kjölfarið staðfest af kjörnum fulltrúum í stafrænu ráði, eftir því sem mögulegt er og rúmast innan fjárheimilda hverju sinni.

6. FRAMKVÆMD, MAT OG EFTIRLIT

Stafrænt ráð hefur lögum samkvæmt það hlutverk og grundvallarverkefni að móta stefnu í málaflokknum, taka ákvarðanir, tryggja að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar á verksviði ráðsins sé fylgt, forgangsraða ráðstöfun fjármuna til hvernar framkvæmdar, hafa virkt eftirlit með framkvæmdinni og taka á álitæfnum sem upp koma.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið ber ábyrgð á framkvæmd stafrænnar stefnu Reykjavíkurborgar og þar með útfærslu og stýringu þeirra aðgerða sem settar eru fram með stefnumörkun stafræns ráðs og í samþyktri aðgerðaáætlun. Þjónustu- og nýsköpunarsvið er umgjörð utan um kvika starfsemi sem takast þarf á við hraðar breytingar í ytra og innra umhverfi borgarinnar. Með umgjörðinni er komið á böndum til að auðvelda meðferð og ráðstöfun þeirra auðlinda sem Reykjavíkurborg og stafrænt ráð nýtir til að ná fram markmiðum sínum.

Tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunargerðar er lögð fram árlega í borgarráði. Í samræmi við hana og í samstarfi við lykilstjórnendur á þjónustu- og nýsköpunarsviði, undirbýr stafrænt ráð fjárhags- og fjárfestingaráætlun næsta árs og til næstu fimm ára, á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar. Sviðið ber ábyrgð á að endurskoða aðgerðaáætlun hvers árs og leggja hana fram á vinnufundum ráðsins, þar sem farið yfir forgangsröðun og áherslur fagráðs í rekstri og fjárfestingum næsta árs. Einnig afgreiða fagráðin tillögu að áherslum og forgangsröðun í málaflokknum til næstu fimm ára. Loks staðfestir ráðið drög að starfs- og fjárhagsáætlun og tryggir að hún sé í samræmi við markaða stefnu ráðsins í málaflokknum og einnig ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangsröðun aðgerða ár hvert.

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs ber ábyrgð á að skilgreina lykiltölur og árangursmælikvarða sviðsins, gerð árangursmats, söfnun mælinga og útgáfu þeirra í greinargerð með fjárhagsáætlun og stöðuskýrslum sem lagðar eru fram ársfjórðungslega. Árangur af aðgerðum veltur á samstillingu milli getu og kunnáttu þjónustu- og nýsköpunarsviðs til verka, eftirspurninni í innra umhverfi borgarinnar og breytingum og þróun í ytra umhverfinu.

Samkvæmt lögbundinni eftirlitsskyldu stafræns ráðs ber ráðið ábyrgð á að stafrænni stefnu sé fylgt í starfsemi þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Eftirlitið fer fram með ýmsum hætti, svo sem með upplýsingum um framgang verkefna og áskoranir, framlagningu minnisblaða, greinargerða og fundargerða, framlagningu uppgjörs og yfirlita yfir lykiltölur í starfseminni, framlagningu árangursmats á skilgreindum aðgerðum, svörun fyrirspurna og öðru fyrirsvari á fundum ráðsins.

Stefnumiðuð stjórnun stafræns ráðs snýst á hverjum tíma um að ná sem mestum árangri á grundvelli afstöðu borgarinnar um hvað hún vill vera og verða. Árangursrík stefnumiðuð stjórnun gerir til viðbótar kröfu um að náð sé utan um mikilvægar forsendur og frumsetningar. Faglegar og efnislega ígrundaðar upplýsingar draga fram skýra valkosti og undirbyggja farsæla ákvarðanatöku stafræns ráðs. Því er einnig lögð rík áhersla á að ráðinu sé kynnt með reglubundnum hætti; þróun mikilvægra þátta í starfsemi þjónustu- og nýsköpunarsviðs og áhrif strauma og stefna í ytra umhverfinu á starfseminni, núna og í framtíðinni.

Samhliða stafrænni stefnu Reykjavíkurborgar eru eftirfarandi reglur endurskoðaðar og staðfestar af stafrænu ráði:

- Reglur um farsíma, snjalltæki og heimatengingar starfsmanna.
- Verklagsreglur um skjölun mála, meðferð erinda og skil til skjaladeildar.
- Reglur um almennar aðgangstakmarkanir og efni á veraldarvef.
- Reglur um hljóðritun símtala og meðferð persónuupplýsinga sem verða til í stafrænum samskiptum við Reykjavíkurborg.
- Reglur um tölvunotkun hjá Reykjavíkurborg.

Einnig eftirfarandi staðlar:

ISO27001 Stjórnkerfi upplýsingaöryggis.